

# K Y N D I L L

BLAÐ SAMBANDS UNGRA JAFNAÐARMANNA

III. árgangur.

Hafnarfirði, febrúar 1931.

2. tölublað.

## Þjóðnýtingin.

I.

Það er öllum kunnugt, að eitthvert veigamesta atriðið á stefnuskrá jafnaðarmanna er að breyta núverandi skipulagi atvinnuveganna í betra horf. Jafnaðarmenn vilja ekki, að tiltölulega örfátum einstaklingum leyfist að vaða uppi með sporðaköstum og bæxlagangú og draga sér meginarð framleiðslunnar meðan vel árar, en skilja svo við alt í rústum, þegar harðnar í ári. Í staðinn fyrir stórfelt arðrán sárfárna manna vilja þeir að komi jöfn skipting arðsins milli allra þeirra, er að framleiðslunni starfa. Þeir vilja þjóðnýtingu atvinnuveganna.

En öllum þorra landsmanna er það mjög óljóst, hvað þjóðnýting er í sjálfu sér. Er það hvorttveggja, að skýringum á því hefur lítt verið haldið að almenningi, og svo hitt, að hann hefur ekki sótt það fast, að fá fræðslu um þá hluti. Það sorglega fyrirbæri hefur orðið, að menn hafa tekið afstöðu með og móti þjóðnýtingunni án þess að þeim væri ljóst, hvað hún er í raun og veru. Og í skjóli þessarar vanþekkingar hefur fuglum eins og Magnúsi Jónssyni, ritstjóra „Stefnis“, tekist að læða inn hjá almenningi blekkingum og ósannindum um þjóðnýtingarstefnuna. Þeir hafa í öðru orðinu sagt að hún væri það sama og ríkisrekstur, en í hinu að hún væri miðaldæmismátt danskans í nýrri mynd. Eftir þeirri skýringu lægi ekki fjarri að segja, að oliuverzlunin hjá Shell og B. P. væri þjóðnýtt, og áfengisverzlun ríkisins væri vitanlega þjóðnýtt fyrirteki. Ekki verður það sagt um þessa menn, að þeir séu fróðir um þá hluti, sem þeir gera að umtalsefni, nema þeir ljúgi visvitandi. En alþýðunni, sem íhaldið reynir af fremsta megni að varna menntunar og þekkingar, er vorkunn þótt hún freistist til að trúá því, sem þessir „lærðu“ menn segja henni, meðan fáir eða engir verða til að skýra henni frá sannleikanum.

Þjóðnýtingarstefnan er þann veg vaxin, að rökkin fyrir henni eru í lífinu sjálfu. Það þarf ekki að fara í neinar grafgrötur eftir þeim. Þau eru ósköp einföld eins og góð rök eru æfílega. Og því eru takmörk sett, hversu lengi andstæðingum hennar tekst að kasta ryki í augu almennings, svo að hann sjái ekki kosti hennar. Hitt er víst, að þeir

munu ekki draga af sér við það, enda vita þeir sem er, að hún hlýtur að hindra að þeim líðist að lifa í vellystingum praktuglega fyrir það fé, er þeir hafa grætt á vinnu annara manna. Peningasálin titrar, þegar á að stemma stígu fyrir auðsöfnun hennar.

II.

Svo segir gamalt máltæki, að vinnan sé móðir auðæfanna. Þetta er satt og ber að skilja það á þann veg, að engin auðæfi geta orðið til nema fyrir vinnu. Maturinn, sem við borðum, fötin, sem við klæðumst, húsin, sem við búum í, — alt er þetta árangur af vinnu. Það er vinnan, andleg og líkamleg, sem heldur mannkyninu við líði. Án hennar gæti ekki verið um neitt líf að ræða. Hún er uppspretta allra verðmæta.

Það má jafnvel ganga feti framur og segja, að engin sannarleg verðmæti séu til nema starfsorkan. Án hennar verður allt hitt einskis virði eða verra en það. Hvers virði eru hráefnin, ef enginn vinnur úr þeim? Hvers virði eru skipin, ef enginn starfar á þeim? Hvers virði eru bílar og önnur farartæki, ef enginn stjórnar þeim? Nei, án vinnunnar er ekki um nein not af gæðum heimsins að ræða. Vinnan, starfsorkan, er afl þeirra hluta, sem gera skal. Hún er sú auðsuppspretta, sem það er undir komið, hvort allar aðrar auðsuppsprettur heimsins verða okkur að nokkru gagni eða engu.

Þegar þessa er gætt, að það er vinnan, sem skapar verðmætin og lífsþægindin, þá sýnist það liggja í augum uppi, hverjir það eru, sem eiga að njóta þess, sem vinnan skapar af verðmætum og þægindum. Það eru vitanlega þeir, sem leggja fram vinnuna. „Sá, sem ekki vill vinna, á ekki heldur mat að fá,“ segir postulinn. Og þetta er almennit viðurkennt, í orði kveðnu að minnsta kosti.

En nú á dögum er samlíf manna orðið svo margþætt og verkaskiptingin komin á svo hátt stíg, að ekki getur verið um það að ræða, að hver einstakur starfsmaður njóti þess alls, sem hann framleiðir eða hjálpar til að framleiða, og einskis annars. Skósmiðurinn þarf til dæmis ekki að nota alla þá skó, sem hann býr til, og á hinn bóginn

getur hann heldur ekki étið þá. Hann verður að selja þá til að geta aflað sér annara nauðsynja. Sum vinna er líka þannig, að hún framleiðir ekkert beinlínis, en er samt sem áður bráðnauðsynleg fyrir þjóðarheildina. Má þar til nefna störf kennara og lækna.

Þessi margbrotna verkaskipting veldur því, að örðugra er að skipta arði framleiðslunnar réttlátlega milli allra nauðsynlegra starfsmanna þjóðfélagsins heldur en var í fyrndinni, þegar hvert þjóðfélag var ekki annað en fámennur flokkur, sem allur stundaði sömu atvinnu. Það er og ólíkt hægur að finna réttlátan grundvöll undir skiptingu arðsins milli tveggja manna eða þriggja, sem róa saman til fiskjar og vinna allir sams konar störf, heldur en milli starfsmanna stórrar togaraútgerðar. Þar verður að finna réttlát hlutföll, sem arðurinn skiptist eftir til stétta starfsmannanna: skipstjóra, vélstjóra, kyndara, háseta, bryta, landverkamanna, landverkakvenna, skrifstofufólks o. s. frv. Þó er engum efa undirorpið, að tiltölulega auðvelt er að finna þann hlutfalla-kvarða, sem allir hlutaeigendur fá vel við unað.

Verkaskipting nútímans haggar ekkert við þeirri sjálfsgöðu sanngírniskröfu, að arður framleiðslunnar renni til starfsmannanna, en þó er ekki hægt að framkvæma það fyllilega gagnvart hverri einstakri stétt út af fyrir sig, heldur verður skiptingin að fara eftir því, sem þjóðarheildinni er til mestra hagsmuna. Þeir menn, sem ekki vinna þjóðarheildinni neitt til gagns og eru ekki öryrkjar, eiga alls enga hlutdeild að fá í þjóðararðinum af framleiðslunni. Þetta hlýtur að vera ófrávikjanleg krafa allra sanngjarnra og skynsamra manna. Það er heimskulegt, að eyða arði framleiðslunnar til að ala önn fyrir mönnum, sem eru alls-ends óþarfir, og það er ranglátt gagnvart þeim, sem vinna til nytsemda fyrir heildina. Við drepum vægðarlaust færilyfs og kláðamaur af kindum okkar, og þá sýnist ekki frekar ástæða til að láta óþörf og skaðleg sníkjudýr lifa á þjóðarlíkamanum, sjúga úr honum blóð og spýta eitri inn í líffæri hans. Og þess háttar sníkjudýr eru til á þjóðarlíkamanum íslenzka, þar sem eru stéttir kaupmanna og stórútgærðarmanna, og auk þess allmargt einstaklinga.

Verður vikið nánar að þessu í næsta blaði.

Frh.

# K Y N D I L L

BLAÐ SAMBANDS UNGRA JAFNAÐARMANNA

III. árgangur.

Hafnarfirði, marz 1931.

3. tölublað.

## Þjóðnýtingin.

III.

Verstu vandræðin við aðalatvinnuveg vor Íslendinga, sjávarútveginn, eru þau, hve atvinnu við hann er stopul. Ekki er fært að bæta úr því að því er smábátaveiðar snertir. Veldur þar bæði veðurfar og fiskigöngur. En á togurum og línubátum er unnt að stunda veiðarnar nokkurn veginn óslitið árið um kring.

Það er líka gert sum árin, að skipaflotinn er aldrei stöðvaður. En hitt kemur eins oft fyrir, að skipin eru bundin við bryggjur eða þeim er lagt frammi á höfn mánuðum saman, og sjómennirnir ráfa atvinnulausir og land-verkafolk er svipt von um atvinnu.

Nú er það engum efa undirorpið, að atvinnuleysi er eitthvert hið stærsta ból, sem komið getur. Miklu fleiri biða tjón við það en atvinnuleysingjarnir sjálfir og skyldulið þeirra, og er það þó ærið nóg. En þegar kaupgetta fjölmennrar stéttar minnkar að mun, verður alt viðskiptalíf dauft og markaður vondur fyrir flestar eða allar þær vörur, sem seldar eru í landinu sjálfu. Atvinnuleysi sjómanna er einhver hinn ógnþrungnasti atburður, sem komið getur yfir íslenzku þjóðina.

Nú mættu þeir spyrja, er ekki eru málum þessum kunnugir, hvernig geti staðið á því, að allur flotinn sé stöðvaður, þegar svona mikið ból stafar af því. En sjómennirnir, sem til þekkja, þurfa ekki lengi að leita að svarinu: Skipin eru bundin af því að eigendumir þykjast ekki græða nóg á að láta þau ganga.

Sízt er synjandi fyrir það, að útgerð geti borið sig illa í sumum árum, og sjálf-sagt er eitthvað til í barlóm útgerðarmanna um töp sín. Er það og engin furða, þótt ekki sé alls staðar sýnilegur reikningsgróði, því svo heimskuleg er öll tilhögun útgerðarinnar.

Það tíðkast mest, að sama félag geri ekki út nema eitt eða tvö skip, en þó verður það að eiga fiskverkunarstöð og annað, sem að útgerðinni lýtur, engu síður en þau félag, sem fleiri skip eiga. Framkvæmdarstjóra þurfa þau líka hvert fyrir sig, og hafa laun þeirra ekki verið skorin við neglur, sumra hverra. enda eru þeir oft meðal stærstu hluthafanna í fyrirtækinu. Þessi hokursúterð,

þar sem hvert félagið er sér með eitt skip og á stöðugt í harðvítugri samkeppni við hin og reynir jafnvel oft og tíðum að spilla fyrir þeim, er auðsýjanlega mörgum sinnum dýrari í rekstri en útgerð alls flotans væri undir einni stjórn. Stórmikið fé gengur árlega í súginn við þessa óviturlegu tilhögun atvinnurekstursins, en framkvæmdastjórnir græða á henni og engir aðrir. Þeir myndu missa spón úr askinum sínum, flestir, ef stórúterðin væri sameinuð.

Nú vikur sögunni til hluthafanna. Þrátt fyrir alt væl um töp og tjón á útgerðinni, er það nú samt þannig, að margur er fús til að leggja fé sitt í togarúterð. Jafnvel kennimönnum landsins þykir það henta sér, að ávaxta veraldlegar eignir sínar á þann hátt. Bendir þetta ótvírætt til þess, að oft fái hluthafarnir drjúgan ágóða, enda er það hægt með því fyrirkomulagi, að stöðva skipin, þegar illa litur út með gróðann, og láta svo þar að auki skellina lenda á baki banka-anna, ef út af ber.

En hvað vinna nú þessir hluthafar fyrir ágóða sínum?

Því er fljótsvarað: Þeir gera bókstaflega ekki neitt. Þeir koma ekki nærri rekstri skipanna, nema ef framkvæmdarstjórnin er einn úr hópi þeirra, og fær hann þá fullt kaup fyrir starf sitt aukréttis. Það eru ekki hluthafarnir, sem kynda vélna, hirða um vörpuna eða gera að aflanum. Ekki eru það heldur hluthafarnir og konur þeirra og dætur, sem skipa fiskinum í land, þvo hann og þurka. Hluthafarnir leggja ekki líf sitt og lími í hættu. Þeir sitja í landi, gegna embætti sínu eða gera ekki neitt og hirða ágóðann af starfi sjómanna og land-verka-fólksins. Þeir raka til sín fé fyrir þá náð, að lofa verkalýðnum að strita, svo að þeir, hluthafarnir, geti grætt. Þeir hafa sölsað yfirráð atvinnutækjanna í sínar hendur. Verkalýðurinn á afkomu sína undir duttlungum þeirra. Þeir geta lögum samkvæmt svelt hann til bana. Og ef þeim þykir ekki gróði sinn nóg mikill, taka þeir atvinnuögu-leikann frá starfsfólkinu og kæra sig koll-ótta þótt af því hljótist óendanlegt ból fyrir þjóðarþúið í heild. Þeir reka útgerðina með fjárhagslegan hagnað sjálfrá sin fyrir augum. Það er ekki nóg með það, að þeir

leggja ekkert starf fram sjálfir í framleiðslunnar þágu, heldur stöðva þeir hana algerlega, þegar þeim býður svo við að horfa. Þeir eru ekki einungis óþörf snikjudýr, sem hafa sogið sig blýfasta á atvinnuvegina, heldur eru þeir sá meginfjandi hans, að sjávarútvegurinn getur aldrei orðið óstopul atvinnugnein meðan þeir ráða þar lögum og lofum. Atvinnutækin verður að losa undan oki þeirra og koma þeim að fullu og öllu í hendur retrta aðilja, starfsfólksins sjálfs.

Frh.

## Unga fólkíð á Austfjörðum.

Hún er orðin landfræg sagan um það, er Ólafur Thors kom í Ólafsvík í fyrra fyrir landkjöríð. Stöðu nokkrir ungir drengir í fjörinni, er bátur Ólafs kom að landi. Þá mælti Ólafur með sterki raustu til drengjanna: *Það sé ég á ykkur, drengir, að þið eruð allir sjálfstæðismenn.* Einn af drengjunum varð fyrir svörum og sagði með áherzluheim í rómnum: *Nei, við erum allir jafnaðarmenn.* Þótt Ólafi þetta köld kveðja frá æskunni í Ólafsvík. Ef Ólafur Thors kæmi á Austfirði og segði hið sama við unga fólkíð þar og drengina í Ólafsvík, myndi hann fá sama svar hjá því.

Unga fólkíð á Austfjörðum hefir meгна fyrirliðningu á ihaldinu og vinnur gegn því eftir mætti. Æskan stendur þar óskift í baráttufylkingum verkalýðsins, og henni þykir það ljóður á hverjum þeim ungum manni, sem stendur fyrir utan þá fylkingu. Ung stúlka fyrir austan sagði við mig: *„Ég skil ekki að nokkur ungur maður geti verið ihaldsmaður. En kenni ihaldsins, kyrstóðuhneigð þess og menningarleysi, mega aldrei setja mörk sín á enni íslenzkrar æsku,“* sagði hún enn fremur. Og þetta er sannleikur. Hamingja og heill íslenzku þjóðarinnar veltur að verulegu leyti á því, hvernig eða hvort hinni uppvaðandi kynslóð tekst að hrænda frá sér hinum spillandi áhrifum ihaldsstefunnar í landsmálum. Og ég hef ástæðu til þess að ætla, að æskunni takist það. Og þá taka allir æskumenn lands vors óskift undir með dreagjunum í Ólafsvík og segja: *Við erum allir jafnaðarmenn.*

A. A.

# K Y N D I L L

BLAÐ SAMBANDS UNGRA JAFNAÐARMANNA

III. árgangur.

Hafnarfirði, júlí 1931.

7. tölublað.

## Þjóðnýtingin.

IV.

Jón Þorláksson sagði einhverju sinni, að verzlunarstéttin væri lifæð þjóðarinnar.

Þetta má til sanns vegar færa. að því leyti, að hverri þjóð er það lifsnauðsyn, að gott lag sé á verzlunarmálum hennar. Sé ólag á verzluninni, kemur framleiðslu- starfsemi þjóðarinnar ekki að hálfum notum.

Verzlunarmálin eru því þau mál, sem hver einstaklingur þjóðfélagsins þarf að athuga sem allra glöggast og grandgæfilegast. Hann verður að gera sér ljósa grein fyrir ástandinu eins og það er nú. Hann verður að íhuga vandlega, hvaða breytingar til bóta er hægt að gera. En til þess verður hann að leita uppi orsakir ágallanna.

Það er tiltölulega miklu auðveldast, að gera sér grein fyrir ástandinu eins og það er, þótt margir menn láti það undir höfuð leggja. Og það er allt annað en fögur mynd af skipulagsgáfu íslenska þjóðfélagsins, sem kemur fram við athugun á núverandi ástandi.

Það er einkenni allra kaupmanna, að þeir eru milliliðir milli framleiðenda og neytenda. Vitanlega verður hagur þessara tveggja aðilja því betri, sem milliliðirnir eru færri og ódýrari. Því fleiri og dýrari sem milliliðirnir eru, því meira verð þurfa neytendurnir að greiða fyrir vöruna, en jafnframt fá framleiðendurnir líka að sama skapi minna fyrir hana. En þó verður ekki komizt án milliliða með öllu.

En íslenska þjóðfélagið er ekkert að hugsa um að milliliðirnir séu sem fæstir. Það er ekki eitt af þeim þjóðfélögum, þar sem lög- gjafar og skipuleggjendur vilja leggja höft á „frjálsan“ atvinnurekstur þegnanna. Hitt þyk- ir skipta minna máli, þótt einstökum mönnum líðist að leggja höft á þjóðarheildina með óþarfri milliliðamennsku og þar af leiðandi óþarflega óhagstæðu vöruverði.

Hér er allmargt heildsala. Það eru menn, sem sjaldan eða aldrei eiga skipti beint við framleiðendur eða neytendur. Þeir kaupa af kaupmönnum og selja kaupmönnum. Og það er að visu hin mesta nauðsyn, að geta átt skipti í sem stærstum stil við erlenda kaup- sýslumenn. Með því móti nást hagkvæmari kaup en þegar um smáslatta er að ræða.

En ekkert skipulag er á starfsemi heildsala- anna. Þeir reyna iðulega að spilla hver fyrir öðrum. Þó eru sumir þessara heildsala í nánu samstarfi við útlend verzlunarfyrir- tæki. Þeir eru í naun réttir ekki annað en umbodsmenn þeirra og auðsveip verkfæri, ein af aðráttarklóm þessara erlendu auð- hringa.

Þessir heildsalar stuðla drjúgum að óhag- stæðu vöruverði. Það er hvort tveggja, að sumir þeirra hafa óhæfilega miklar tekjur af starfsemi sinni, og að aðrir hafa ekki svo mikil verzlunarskipti, að þeir gætu lifað af því með fjölskyldu sinni því lífi, sem heild- salar telja sér sambodid, ef þeir létu sér nægja skaplega álagningu. Heildsalarnir eru of margir og of dýrir. En það er alþýðan, sem borgar brúsann með framleiðslu sinni.

EKKI verður öllu betra upp á teningunum, þegar litid er til smákaupmannanna. Mergð þeirra er langt fram úr öllu hófi. Fjöldi þeirra hefir sáralitid að gera. En þeir verða engu síður að hafa húsnæði til verzlunar- innar. Og þeir og fólk þeirra þarf að lifa. Og smákaupmaðurinn hefir ekki aðrar tekjur til að lifa af með fjölskyldu sinni og til að greiða af kostnað við verzlunina heldur en þær, sem hann aflar sér með því að selja vörur dýrara en hann keypti þær. Viðskiftamenn hans ala með öðrum orðum önn fyrir honum og kosta verzlunarrekstur hans.

Nú er það vitanlegt um marga smákaup- menn, að þeir búa við sultarkjör. Og samt er vöruverðið miklu óhagstæðara fyrir al- þjóð manna en vera þyrfti.

Kaupmennirnir eru allt of margir. Fólk er hlaðið svo á þennan atvinnuveg, að hann getur ekki borið það allt, þrátt fyrir óhæfilegt vöruverð. Og margt af þessu fólk er þrýðilega starfhæft til hvers, þem vera skyldi. Samtímis biða verkefnin alls staðar óleyst.

Heimskulegri tilhögun og meira skipu- lagsleysi er örðugt að hugsa sér.

Þó er vandséð, hvort má sin meira í tilhögun verzlunarmálanna, heimskan eða ranglætíð.

Það er með öllu ranglátt, að láta eina stétt þjóðfélagsins vera svo gott sem sjálf-

ræða um það, hve háan skatt hún lætur aðra þjóðfélagsþegna greiða sér, hve mikið blóð hún sýgur sér úr þjóðarlikamanum. Það er allt af heimskulegt, að hafa miklu fleira fólk en þörf er á við eitthvert starf, og það verður ranglátt líka, þegar um algert milliliðastarf er að ræða eins og hér er, en sem framleiðslan verður þó að bera uppi jafnt hvort fátt fólk starfar við það eða margt.

Hér þarf breytinga við, og þeirra ekki smárra. Það þarf hvorki meira né minna en að gerbylta öllu fyrirkomulagi verzlunar- málanna. Það verður að taka fyrir ofurgróða einstaklinga af verzlun og reka hana með hagsmunum allrar þjóðarinnar fyrir augum. Í stað óstjórnar verður að koma skipulögð starfsemi.

Eins og nú standa sakir, er ekki unnt að lýsa því út í æsar, hvernig verzluninni verði haganlegast komið fyrir. Er margt, sem veldur því. Við vitum ekki, hvaða breyt- ingar kunna að verða á verzlunarháttum annara þjóða, en það hlýtur að hafa áhrif á tilhögunina hjá okkur. Við vitum ekki heldur, hvernig samgöngur breytast hér á landi né hvort horfið verður að því ráði, að fólk flytji sig úr óræktarlegum útkjálka- sveitum í ræktanlegar þéttbýlisbyggðir. Auk þess eru fjöldamörg smáatriði, sem reynsl- an ein getur kennt, hvernig bezt mega fara.

En stóru draettirnir í tilhögun verzlunar- innar eru ljósir.

Öll verzlun landsins á að vera undir einni stjórn og fullt samræmi á vöruverði hvar sem er á landinu. Útbú hefir þessi mikla verzlun í hverri sveit, eða svo víða sem henta þykir. Annað hvort verður verzl- unin ríkisfyrirtæki, þó þannig, að hagnað- inum yrði varið til þess eins, að bæta verzlunina, eða hún verður sjálfstætt fyrir- tæki, eins konar kaupfélaga-samband. Hvort heldur væri, á þjóðin sjálf að ráða allri til- högun hennar, og engin önnur verzlunar- fyrirtæki eiga að þrífast við hlið hennar. Draumur Skúla gamla Magnússonar á að verða að veruleika: *Verzlunin rekin af þjóð- inni sjálfri fyrir þjóðina sjálfa.*

Frh.

Í næsta kafla

greinaflokkans um þjóðnýtinguna verður rætt um landbúnaðarmálin og nauðsyn þjóð- nýtingar á því sviði.

# K Y N D I L L

BLAÐ SAMBANDS UNGRA JAFNAÐARMANNA

III. árgangur.

Hafnarfirði, ágúst 1931.

8. tölublað.

## Þjóðnýtingin.

V.

Landbúnaður var aðalvatnivegur Ísland-  
inga í þúsund ár. Hver einstaklingur þjóð-  
arinnar stundaði landbúnaðarstörf að meira  
eða minna leyti.

En bændurnir voru ekki framtakssamir  
menn. Í þúsund ár stóð búskapur þeirra í  
stað. Landið spilltist að ýmsu leyti fyrir  
þeirra aðgerðir. En það batnaði ekki svo  
að teljandi væri. Og starfsaðferðir þeirra  
voru mjög frumrænar, enda höfðu þeir nóg-  
an og ódýran mannafla.

Á síðustu áratugum hafa risið hér upp  
nýr atvinnuvegir: kaupþýsla, siglingar, iðn-  
aður, fiskiveiðar.

Þessar nýju atvinnugreinar eru reknar  
með nýtzkusniði. Fullkomnustu tæki eru  
notuð. Ekkert er til sparað svo að fröm-  
leiðslan geti orðið sem stórfelldust og at-  
vinnuvegurinn samkeppnisfær.

En landbúnaðurinn hefir reynst þungur í  
vöfunum á framfarabrautinni. Bændastéttin  
hefir af ýmsum ástæðum ekki getað komið  
nýtzkusniði á atvinnurekstur sinn í einu  
vefþangi. Fastheldni hennar á fornar venjur  
og ótrú á nýjungum hefir orðið slæmur  
þröskuldur. Og hún hefir ekki átt aðgang  
að rekstrarfé til að gera stórfelldar breyt-  
ingar á rekstrinum, enda endurgeldur land-  
búnaðurinn seinna það fé, sem í hann er  
lagt, heldur en sjávarútvegurinn.

Samt hefir bændastéttin unnið stórvirkni  
á síðustu áratugum til eflingar atvinnu sinni.  
— miklu meira en gert var á þúsund árum  
á undan. Hún hefir tekið vélar í þjónustu  
sína og látið þær brjóta óruttt land til rækt-  
unar og vinna að heyöflun. Ræktað land og  
véltækt hefir stórum aukizt. Í fyrsta sinn  
í sögu þjóðarinnar hefir bændastéttin bætt  
landið meira en skemmt.

En þótt þetta gefi mönnum þá trú, að  
íslensk bændastétt geti átt fagra framtíð  
fyrir höndum, þá horfir samt allt annað en  
vænlega fyrir landbúnaðinum eins og nú  
standa sakir. Útfluttar landbúnaðarafurðir  
eru ekki nema einn tiundi hluti af öllum  
útfluttum vörum þjóðarinnar, og þó starfar  
hellingur landsmanna að landbúnaði.

Þess ber að gæta, að bændastéttin lifir  
sjálf að talsverðu leyti á landbúnaðarafurð-  
um og mikið af þeim er selt innanlands til

neyzlu. En landsmenn eta líka mikið af  
sjávarafurðum og iðnaðarvörur þeirra eru  
notaðar í landinu sjálfu.

Ekki er sjáanlegt, að unnt sé að gera  
landbúnaðinn samkeppnisfæran við aðra at-  
vinnuvegi nema með því að gerbreyta því  
skipulagi, sem nú er á honum. Það er að  
visu erfitt og kostar mikið fé og óbilugan  
kjark. en það er eina úrræðið til þjárgar.

Fyrst þarf að gera þá breytingu, að allar  
jarðeignir í landinu verði eign hins opin-  
bera, ríkisins eða sveitarinnar. Með því móti  
ætti að vera hæðgarleikur að láta menn fá  
land til ábúðar með viðunandi kjörum, en  
nú er víða svo komið, að meira verð liggur  
í jörðunum en búskapurinn á þeim fær bor-  
ið. Þetta kemur niður á ábúandanum, hvort  
sem hann á jörðina sjálfur eða er leiguliði.  
Sjálfsagt væri að legja jarðir á erfðafestu.

En þetta er ekki nema smábreyting í  
samanburði við annað, sem breyta þarf, og  
þó er þessi breyting nauðsynleg til þess að  
hinar aðrar séu framkvæmanlegar svo að  
nokkrum notum komi.

Bændur verða að búa saman í stærri  
eða smærri hópum og reka búskapinn í fé-  
lagi. Einyrkjábúskapurinn á að hverfa úr  
sögunni. Hann á enga framtíð fyrir hönd-  
um. Bændum er ekki unnt að notfæra sér  
til hlítar fullkomnar vélar til jarðvinnslu  
og heyöflunar nema þeir séu nokkrir sam-  
an í félagi. En ef þeir ætla að bauka hver  
í sinu horni, fer mikill tími til að flytja  
vélarinnar á milli þeirra og þær koma iðulega  
að minna gagni á litlum blettum en stór-  
um landspildum, auk þess sem hagsmunir  
bændanna rekast stöðugt á, því að fleiri en  
einn vilja oft nota tækin samtímis, og verð-  
ur úr sundurlyndi, en engin samvinna.  
Framhjá þessum annmörkum má komast  
með því að reka búskapinn í samvinnu  
undir einni yfirstjórn fyrir hvern samvinnu-  
flokk.

Margvísleg þægindi fylgja því, að bændur  
búi í smáþorpum eða þéttbýggðum hverfum.  
Vegalagning og þar af leiðandi allir flutn-  
ingar verða miklu kostnaðarminni, því að  
einyrkjarnir, sem búa úti á annesjum og  
uppi í afdölum, þurfa að fá vegi heim til  
sin, en það er mikið verk að leggja þá alla.  
Þá er og lafhægt að leggja síma til slíkra

þorpa, en seint mun ríkið hafa efni á að  
koma honum heim til einangraðra smá-  
bænda, og því síður þeir sjálfir. Og að því  
er útvarpið snertir, getur hvert þorp komizt  
af með ein viðtæki, sem þá verða höfð í  
sérstöku herbergi, sem jafnframt er setu-  
stofa í sambandi við samkomusalinn.

Enn er það, að miklum mun ódýrara er  
að fá nægilegt rafmagn handa bændum,  
sem búa þannig saman í hverfi, heldur en  
handa jafnmörgum bændum, sem eru dreifð-  
ir á smákot um stórt svæði. Furðu mikill  
hluti bændastéttarinnar gæti líka notfært  
sér jarðhita, ef sambyggðir tíðkuðust.

Það er og ekki litilsvert, að við slíkan  
samvinnubúskap er hægt að hafa full not  
af ýmsum sérfræðigreinum, sem nauðsyn-  
legar eru við landbúnað, svo sem fódur-  
fræði, efnafræði, húsdýrafræði o. s. frv., en  
hverjum einstökum kotbóndanum er með  
öllu ókleift að læna allar þær fræðigreinar  
til nokkurrar hlítar, svo margbrotnar eru  
þær.

Þá má geta þess, að í sambandi við þenn-  
an samvinnubúskap ætti að vera vel unnt  
að koma á fót ýmis konar smáiðnaði, til  
þess að bændur geti notfært sér sem best  
afurðir búa sinna og þurfi sem minnst að  
kaupa að af ýmislegum varningi. Er þetta  
afar mikilsvert fyrir aukoma bændastét-  
tarinnar og jafnframt allrar þjóðarinnar.

Rétt er að drepa á það, að ýmsir munu  
verða hræddir um, að illhægt sé að koma  
í framkvæmd þeim breytingum, sem hér  
hefir verið minnst á, sökum þess, að land-  
búnaðurinn sé í svo föstum fornum. Nokk-  
uð er til í þessu, en þó mun hitt sannast,  
að þegar bændastéttin er orðin sannfærð  
um að þessar breytingar verði til bóta, þá  
mun hún ekki verða uppiskroppa með ráð  
til þess að koma hinu nýja skipulagi í  
framkvæmd.

— Hér hefir verið farið fljótt yfir og ekki  
drepið á annað en meginatriðin í framtíð-  
arskipulagi landbúnaðar okkar. Þess er  
vænst, að bændablöðin taki til vandlegar  
ihugunar þau nýmæli, sem hér hefir verið  
haldið fram, því að landbúnaðurinn er nú  
í svo alvarlegri knæppu staddur, að ekki  
dugir að skella skolleyrunum við bending-  
um til bóta, þótt þær séu ekki komnar frá  
leiðtogum vissra pólitískra flokka. „Hafa  
skal holl ráð, hvaðan sem þau koma,“ segir  
máltækið, og bændastéttin íslenska fer von-  
andi eftir því heilræði.